



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík 10. október 2023

Til sveitarfélaga.

### **Barnaþing í Hörpu í Reykjavík dagana 16.-17. nóvember 2023.**

Barnaþing umboðsmanns barna verður haldið í þriðja sinn í nóvember á þessu ári en þingið var haldið í fyrsta sinn árið 2019 og í annað sinn í upphafi ársins 2022. Reynslan af fyrri barnaþingum var mjög góð og upplifun barnanna sem tóku þátt var afar jákvæð.

Sú breyting hefur orðið á dagskránni frá síðustu árum að í stað hátíðardagskrár í Hörpu 16. nóvember gefst barnaþingmönnum kostur á að heimsækja Alþingi þann dag. Þetta er einstakt boð frá Alþingi og tækifæri fyrir börnin að sjá þinghúsið og fræðast um þingstörfin.

Þann 17. nóvember verður haldinn fundur með þjóðfundarstíl þar sem saman koma fullorðnir og börn, og ræða málefni sem brenna á börnum. Niðurstöður umræðunnar verða síðan, líkt og áður, kynntar ríkisstjórn sem framlag til stefnumótunar í málefnum barna. Skemmtiatriðum verður fléttað í auknum mæli inn í dagskrá þjóðfundarins í stað sérstakrar hátíðardagskrár.

Börnin hefja umræðuna um morguninn á vinnuborðum en strax eftir hádegi mæta fullorðnir boðsgestir til að taka þátt í áframhaldandi umræðu um þau umfjöllunarefni sem börnin hafa valið. Gert er ráð fyrir að fullorðnir gestir mæti klukkan 13:00 þann 17. nóvember og taka skráðir gestir fullan þátt í umræðu á vinnuborðum með börnum frá kl. 13:20 þann dag. Dagskránni lýkur um klukkan 16:00 með léttum veitingum. Skráning fer fram á - <https://forms.office.com/e/zfcLe8LLiH>

Alls fengu 350 börn alls staðar af landinu boð um að koma á barnaþing og voru þau valin með slembivali frá Þjóðskrá. Í boði er ferðastyrkur fyrir þau börn sem koma lengst að en ljóst er að í einhverjum tilvikum verður ferðakostnaður hærri en upphæð ferðastyrksins. Því biðlum við til heimasveitarfélaga barnaþingmanna um aðstoð við að tryggja að börnin fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda til að sækja barnaþingið.

Fyrir fyrsta barnaþingið óskaði embættið eftir því að heimasveitarfélög barnaþingmanna tilnefndu sinn tengilið við embættið með það hlutverk að hafa milligöngu um þátttöku barna úr sveitarfélaginu. Ef þið viljið gera breytingu á fyrri tilnefningu eða tilnefna nýjan þá hvetjum við ykkur til þess að senda okkur tölvupóst á netfangið [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) fyrir lok október.

Embætti umboðsmanns barna leggur áherslu á samstarf við aðila sem vinna að málefnum barna um land allt. Þar skiptir samstarf við sveitarfélögin miklu máli og vonast ég til að barnaþingið verði til þess að styrkja verulega tengsl embættisins við sveitarfélög landsins.

Frekari upplýsingar um barnaþing 2023 má finna á vefsíðunni [barnaþing.is](http://barnaþing.is). Þar má einnig finna svör við algengum spurningum um fyrirkomulag og framkvæmd barnaþings. Þá er hægt að hafa samband við skrifstofu umboðsmanns barna í síma 552-8999 eða með tölvupósti á netfangið [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) ef frekari upplýsinga er óskað.

Bestu kveðjur,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna